

LANDSRÉTTUR

Úrskurður föstudaginn 5. október 2018.

Mál nr. 750/2018:

Ákærvaldið

(*Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir saksóknari*)

gegn

X

(*Einar Oddur Sigurðsson lögmaður*)

Lykilorð

Kærumál. Gæsluvarðhald. 2. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008.

Útdráttur

Staðfestur var úrskurður héraðsdóms um að X skyldi sæta gæsluvarðhaldi á grundvelli 2. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála.

Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómararnir Ragnheiður Bragadóttir, Sigurður Tómas Magnússon og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Varnaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 3. október 2018, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum næsta dag. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 3. október 2018, í málinu nr. R-[...]/2018, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 31. október 2018 klukkan 16. Kæruheimild er í l-lið 1. mgr. 192. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.
- 2 Varnaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.
- 3 Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Niðurstaða

- 4 Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Úrskurðarorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness, miðvikudaginn 3. október 2018

Héraðssaksóknari hefur í dag krafist þess að X, kt. [...], verði gert að sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 31. október 2018, kl. 16:00.

Í greinargerð með kröfunni segir að héraðssaksóknara hafi 17. september sl. borist rannsóknargögn í ofangreindu máli frá lögreglustjóranum á Suðurnesjum. Fram komi þar að lögreglustjórinn hafi hafið rannsókn málsins þann 10. júlí sl., og varði málið meint kynferðis- og ofbeldisbrot ákærðu X og eiginmanns hennar, Y, gegn dóttur hennar og stjúpdóttur hans, A, kt. [...]og dóttur þeirra, B, kt. [...]. Upphaf málsins hafi verið að A, dóttir ákærðu, kom á lögreglustöð þann 10. júlí sl. og lagði fram kæru á hendur móður sinni og stjúpföður vegna meintra kynferðisbrota gegn henni fyrir á þessu ári.

Með ákæru, útgefinni 1. október sl. hafi héraðssaksóknari höfðað sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjaness á hendur ákærðu og Y og hafi málið þegar verið sent dóminum til meðferðar. Í fyrsta lagi séu þau ákærð fyrir kynferðisbrot gegn barni og stórfellt brot í nánu sambandi, og ákærða auk þess fyrir áfengislagabrot, með því að hafa föstudaginn 2. febrúar og aðfaranótt laugardagsins 3. febrúar í félagi nauðgað A, dóttur ákærðu X og stjúpdóttur ákærðu Y, með því að beita hana ofbeldi og ólögmætri nauðung, auk þess að taka hreyfi- og ljósmyndir af brotunum og þannig framleitt myndefni sem sýndi barnið á kynferðislegan hátt, og ógnað með háttseminni heilsu og velferð stúlkunnar á alvarlegan hátt. Háttseminni sé nánar lýst í 6 töluliðum I. kafla ákærunnar. Brot ákærðu séu talin varða við 1. mgr. 194. gr., 1. og 2. mgr. 202. gr., 1. mgr. 210. gr. a og 1., sbr. 2. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940, auk þess sem brot ákærðu X samkvæmt ákærulið I.6 er talið varða við 18. gr., sbr. 27. gr. áfengis laga nr. 75/1998.

Í öðru lagi séu þau ákærð fyrir kynferðisbrot gegn barni og brot í nánu sambandi, með því að hafa framið þau brot sem lýst sé í fyrstu tveimur töluliðum I. kafla ákærunnar að dóttur þeirra, B, viðstaddri og horfði hún á brotin gegn systur sinni. Með háttseminni særðu ákærðu blygðunarsemi B, auk þess sem þau ógnuðu á alverlegan hátt velferð stúlkunnar, og séu brotin talin varða við 209. gr. og 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga.

Þá sé ákærða Y gefin að sök fleiri brot, sem lýst sé í III.-IV. kafla ákærunnar. Dómkröfur ákæruvalds samkvæmt ákærunni séu að ákærðu verði dæmd til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og að ákærði Y verði dæmdur til upptöku á munum sem nánar eru tilgreindir í upptökukröfu.

Í dómskýrslu sem A hafi gefið þann 11. júlí sl. komi fram að fyrir á þessu ári hafi átt sér stað atvik á heimili ákærðu og Y þar sem hún og systir hennar B [...]. Kærða hafi komið þar að, sem og ákærði Y. Ákærða hafi [...]. Þá hafi A sagt að ákærða, móðir hennar, hafi spurt hvort Y mætti [...]. Stúlkan hafi svo lýst því að ákærði Y hafi [...]. Þá myndi hún eftir því að einhver hafi [...], en hafi ekki verið viss hvort það var ákærða eða ákærði Y sem það gerði.

Meðal rannsóknargagna eru myndbandsupptökur sem fundust í myndavél í fataskáp á heimili ákærðu. Sjá og heyra megi af þeim myndskleiðum að þáttur ákærðu í brotum gegn A sé mikill, og sé hún aðalmaður í brotum ákærðu Y að mati ákæruvaldsins, þar sem hún taki virkan þátt í brotum gegn stúlkunni.

Ákærða var yfirheryrð þann 11. júlí sl. og hafi hún játað þar að þau Y hafi brotið gegn A. Hún hafi hins vegar gert lítið úr sínum hlut, sagst hafa verið mjög ölvuð og ekki lýst sínum þætti í samræmi við það sem fram komi á áðurnefndum myndbandsupptökum. Ákærða hafi jafnframt gefið skýrslu fyrir dómi þann 18. júlí sl. en hafi þá ekki kannast við að hafa [...], né að hafa hvatt ákærða Y áfram. Er vísað nánar til meðfylgjandi gagna.

Með hliðsjón af játningu ákærðu, svo langt sem hún nái, framburði brotaþola og sérstaklega með vísan til þeirra myndbandupptaka sem fyrir liggi, er það mat ákæruvaldsins að fram sé kominn sterkur grunur um að ákærða hafi gerst sek um þau brot sem hún hafi verið ákærð fyrir, þ.e. brot gegn 1. mgr. 194. gr., 1. og 2. mgr. 202. gr., 1. mgr. 210. gr. a, 209. gr., 1. mgr. 218. gr. b, 1., sbr. 2. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem og brot gegn áfengislagum, sem varði allt að 16 ára fangelsi.

Ákærða hafi sætt gæsluvarðhaldi á grundvelli rannsóknarhagsmuna frá 11. júlí til 30. júlí sl. Lögreglustjóri hafi ekki óskað eftir því að framlengja gæsluvarðhald yfir ákærðu, en hún hafi sætt farbanni frá 31. ágúst til 20. september sl. Héraðssaksóknari hafi þá haft tækifæri til að fara yfir gögn málsins og taldi að þau brot sem ákærða er grunuð um væru mjög alvarleg jafnvel þótt aðeins sé um eitt tilvik að ræða. Hafi héraðssaksóknari gert kröfu um gæsluvarðhald og hafi ákærða á grundvelli hennar verið úrskurðuð í gæsluvarðhald á grundvelli almannahagsmuna, sbr. úrskurð nr. R-[...]/2018. Ákæruvaldið telji að ef sakborningur, sem orðið hafi uppvis að jafn alvarlegum brotum og ákærðu eru gefin að sök og hún hafi þegar játað að hluta til, gangi laus áður en máli ljúki með dómi, þá valdi það hneykslun í samfélaginu og særi réttarvitund almennings. Ákæruvaldið telji þannig með tilliti til hagsmuna almennings nauðsynlegt að ákærða sæti áfram gæsluvarðhaldi á meðan mál hennar er til meðferðar. Séu þannig uppfyllt þau skilyrði sem fram komi í 2. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála

Af hálfu ákærðu er kröfunni mótmælt, og þess krafist að henni verði hafnað. Er einkum á því byggt að ekki séu uppfyllt skilyrði 2. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008, um að brot hennar sé þess eðlis að ætla megi að varðhald sé nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna. Er sérstaklega til þess vísað að lögreglustjórinn á Suðurnesjum hafi ekki talið forsendur fyrir áframhaldandi gæsluvarðhaldi eftir 30. júlí sl.

Samkvæmt því sem að framan er rakið og gögnum málsins, og einkum þeim upptökum sem fundust á heimili ákærðu, er fallist á að ákærða sé undir sterkum grun um að hafa brotið með alvarlegum hætti gegn dóttur sinni þannig að varðað geti við 194. gr., 1. mgr. 202. gr., og 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákæra í málinu hefur þegar verið gefin út og eru brotin þess eðlis að varðað geta allt að 16 ára fangelsi. Einnig er á það fallist að brot ákærðu séu þess eðlis að gæsluvarðhald sé nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna, enda eru brotin til þess fallin að valda hneykslun í samfélaginu og særa réttarvitund almennings, gangi ákærða laus áður en máli hennar er lokið með dómi. Breytir engu um það mat þótt ákærða hafi gengið laus frá 30. júlí til 20. september sl.

Samkvæmt framangreindu eru uppfyllt skilyrði 2. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008, og verður því fallist á kröfu héraðssaksóknara um að ákærða sæti gæsluvarðhaldi eins og krafist er, og nánar greinir í úrskurðarorði.

Úrskurð þennan kveður upp Ingimundur Einarsson héraðsdómari.

Úrskurðarorð:

Ákærða, X, skal áfram sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 31. október 2018, kl. 16:00.